

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 10. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfanga) í landi Hálsa Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið er um 6 ha að stærð og gerir ráð fyrir 9 lóðum fyrir frístundahús (merkt 9-17) og er leyfilegt að reisa eitt frístundahús allt að 120 m² að grunnfleti á hverri lóð ásamt geymslu. Á lóð merkt nr. 10 verður heimilt að reisa tvö hús innan byggingarreits.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 24. desember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson.